



168. fundur

sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar

haldinn í Kjarna fimmtudaginn 16. apríl kl. 09:30

Fundinn sátu:

Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Árni Pétur Hilmarsson, Heiða Guðmundsdóttir, Ragnar Bjarnason og Sigurður Hlynur Snæbjörnsson.
Að auki sat fundinn Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fund.

Dagskrá:

1. Ársreikningur Þingeyjarsveitar 2014 – fyrri umræða
2. Nýtt rekstrarleyfi – Fagrafell
3. Aðalfundarboð Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.
4. Aðalfundarboð Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga hf.
5. Aðalfundarboð Veidifélags Skjálfafljóts
6. Erindi – Heimreið

1. Ársreikningur Þingeyjarsveitar 2014 – fyrri umræða

Ársreikningur Þingeyjarsveitar 2014 lagður fram til fyrri umræðu. Arnar Árnason endurskoðandi frá KPMG mætti til fundarins undir þessum lið og fór yfir reikningana. Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi A og B hluta var jákvæð um 28,9 millj.kr. en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir 28,2 millj.kr. neikvæðri rekstrarniðurstöðu. Á heildina litið er jákvætt frávik frá áætlun 57,1 millj.kr. í samanteknum ársreikningi A og B hluta. Fráviknið skýrist af hærri tekjum og lægri fjármagnsgjöldum en áætlað var sem og aðhaldi í rekstri. Veltufé frá rekstri er jákvætt um 58,7 millj.kr. og handbært fé frá rekstri 50,5 millj.kr. Heildarskuldir eru 574,3 millj.kr. og skuldahlutfall – skuldir/rekstrartekjur A og B hluta er 61,9% í árslok 2014 en þetta hlutfall var 61% í árslok 2013. Til viðmiðunar skulu sveitarfélög, samkv. sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011, takmarka skuldir A og B hluta við 150% af reglulegum tekjum.

Sveitarstjórn lýsir ánægju sinni með góða afkomu og þakkar öllu starfsfólki sveitarfélagsins vel unnin störf. Samþykkt að vísa reikningnum til síðari umræðu.

2. Nýtt rekstrarleyfi – Fagrafell

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Norðurlandi eystra, dags. 27. mars s.l. þar sem Sabina JFM de G de Bourmont, forsvarsmaður fyrir Fagrafell ehf. sækir um nýtt rekstrarleyfi til sölu gistinga í Fagrafelli í Þingeyjarsveit.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við nýtt rekstrarleyfi fyrir sitt leyti.

3. Aðalfundarboð Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.

Lagt fram aðalfundarboð Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. sem haldinn verður þann 17. apríl n.k. í Salnum í Kópavogi.

Samþykkt að sveitarstjóri fari með umboð Þingeyjarsveitar á fundinum.

4. Aðalfundarboð Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga hf.

Lagt fram aðalfundarboð Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga hf. sem haldinn verður þann 20. apríl n.k. í Félagsheimilun Breiðumýri.

Samþykkt að Margrét Bjarnadóttir fari með umboð Þingeyjarsveitar á fundunum.

5. Aðalfundarboð Veiðifélags Skjálfafljóts

Lagt fram aðalfundarboð Veiðifélags Skjálfafljóts sem haldinn verður þann 24. apríl n.k. í Félagsheimilun Ljósveitningabúð.

Samþykkt að Árni Pétur Hilmarsson fari með umboð Þingeyjarsveitar á fundunum.

6. Erindi – Heimreið

Tekið fyrir erindi frá Ingólfi Ingólfssyni, Gerði Kristjánsdóttur og Pálma Erlingssyni, ábúendum jarðanna Grundargils og Glaumbæjar, dags. 7. apríl s.l. þar sem óskað er eftir því að sveitarstjórn fari þess á leit við Vegagerð ríkisins að sameiginleg heimreið jarðanna verði lagfærð vegna óviðunandi ástands.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að senda Vegagerð ríkisins erindi þar sem þess er óskað að sameiginleg heimreið jarðanna Grundargils og Glaumbæjar verði lagfærð.

Lagt fram til kynningar:

- a) Fundargerð fulltrúaráðs Eyþings frá 20.02.2015
- b) Fundargerð 827. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga
- c) Ályktun – Ungt fólk og lýðræði 2015
- d) Forsætisráðuneytið – Fundur um málefni þjóðlendna 21.05.2015
- e) Stofnsamningur um Héraðsnefnd Þingeyinga bs.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:50

Arnór Benónýsson

Margrét Bjarnadóttir

Ásvaldur Ævar Þormóðsson

Árni Pétur Hilmarsson

Heiða Guðmundsdóttir

Sigurður Hlynur Snæbjörnsson

Ragnar Bjarnason